

Helstu fræðisvið og áherslur í rannsóknum Hestafræðideildar Háskólans á Hólum.

Hestafræðideildin er opinber miðstöð rannsókna á íslenska hestinum. Mikil þörf er á eflingu rannsóknanna ekki síst vegna alþjóðlegrar útbreiðslu íslenska hestsins og hve umfangsmikil og fjölbreytt atvinnustarfsemi tengist honum. Í starfi Hestafræðideildarinnar er lögð áhersla á rannsóknir á eftirfarandi fræðisviðum:

- *Líffræði hestsins*
- *Umhirða*
- *Notkun, þjálfun og reiðmennska*
- *Reiðkennsla og kennslufræði*

Fjölmörg rannsóknar- og þróunarverkefni hafa verið unnin við skólann á liðnum árum, gjarnan í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Deildin stefnir að því að samþætta rannsóknir á framangreindum fræðisviðum og stuðla þannig að virku samstarfi og sem bestri nýtingu á mannafla, aðstöðu, búnaði og fjármunum. Áhersla er lögð á skýrt verklag við stjórnun rannsóknarverkefna, ábyrgð verkefnisstjóra við alla framkvæmd og náið samstarf við fjármálastjóra skólans um rekstrarhlíð þeirra.

Efling rannsókna er forgangsverkefni deildarinnar á komandi árum sem unnið verður að með eftirfarandi hætti.

1. Stofnun rannsóknaráms á mastersstigi

Mikil þörf er fyrir rannsóknartengt nám varðandi íslenska hestinn, annars vegar sem beint framhald á sérhæfðu námi deildarinnar á sviði hestafræða, reiðmennsku og reiðkennslu og hins vegar sem valkostur fyrir nemendur með grunnnám frá öðrum háskólum bæði hérlendra en ekki síður erlendra. Stefnt er að því að hefja námið skólaárið 2018-2019, í fyrstu að takmarka fjölda nemenda við 2-4 en fjölga í 6-10 þegar fram í sækir. Deildin gerir sér grein fyrir mikilvægi framhaldsnema við rannsóknir og því verður séð til þess að leiðbeinendur fái nægilegan stuðning og þjálfun í samræmi við leiðbeinendasamning og að nemendurnir verði virkir þátttakendur í akademisku starfi deildarinnar.

2. Fjölgun stöðugilda í rannsóknum

Í deildinni er nú aðeins liðlega eitt akademískt stöðugildi í rannsóknum sem skýrist að nokkru leyti af þeim forgangi sem kennslan hefur haft í starfseminni. Nauðsynlegt er að auka samanlagt rannsóknarstarfshlutfall í deildinni og auka stöðugildi í rannsóknum sem hér segir.

Skólaárið 2018-2019:

0.5 akademískt stöðugildi í rannsóknum á sviði líffræði hestsins.

0.5 akademískt stöðugildi í rannsóknum á sviði reiðkennslu og kennslufræði.

1 stöðugildi sérfræðings til eflingar á stjórnun rannsóknarverkefna og umsjón með hestakosti, aðstöðu og búnaði.

Skólaárið 2019-2020:

0.5 akademískt stöðugildi í rannsóknum á sviði þjálfunar og reiðmennsku

3. *Aukið vísindalegt samstarf*

Megináhersla í rannsóknunum verður lögð á verkefni í samstarfi við erlenda háskóla bæði vegna aukinna möguleika á fjármögnun þeirra og mikilvægis á sérhæfðri fræðilegri þekkingu á starfssviði Hestafræðideildarinnar. Einnig er stefnt að skipulögðu samstarfi við háskóla og sérfræðinga, erlenda og innlenda, varðandi rannsóknarnám með kennaraskiptum, nemendaskiptum og samnýtingu á aðstöðu og búnaði.

4. *Bætt aðstaða og búnaður*

Vinna þarf að uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu og búnaði deildarinnar í samræmi við framangreinda eflingu á rannsóknarstarfinu.

4.1. Hreyfingafræði, reiðmennska:

Hreyfigreiningarnemar, taumþrýstingsmælar, hnakkþrýstingsdýnur, hesthermir, háhraðamyndvél, sérhæfður hugbúnaður.

4.2 Lífeðlisfræði:

Hjartsláttarmælar (menn og hestar), hringteymingarvél, magasjá, öndunargrímur, sónartæki.

4.2. Fóðurfræði:

Þurrkofn, sýnamalari, öskunarofn.

4.3. Almenn:

Tölfræðiforrit og sérhæfður hugbúnaður.

4.4. Rannsóknahesthús:

Endurbætur á húsnæði, loftræsting, lýsing, gryfja fyrir hlaupabretti, háhraða nettenging